Endurskoðun húsnæðisáætlana 2027

Til	:	Húsnæðisáætlanir - HMS <aaetlun@hms.is>
Frá	:	Jón Örn Gunnarsson - HMS <Jon.Gunnarsson@hms.is>
Heiti	:	Endurskoðun húsnæðisáætlana 2027
Málsnúmer	:	2611001
Málsaðili	:	Húsnæðis-, mannvikja- og skipulagsstofnun HMS
Höfundur	:	Jón Örn Gunnarsson - HMS
Dagsetning	:	29.10.2026 00:00:00
Viðhengi	:	image001.png

You don't often get email from jon.gunnarsson@hms.is. Learn why this is important

Góðan dag,

Nú er komið að því að endurskoða húsnæðisáætlanir fyrir árið 2027 og hefur HMS opnað fyrir nýja útgáfu í áætlanakerfinu.

Samstarf HMS og sveitarfélaga við gerð húsnæðisáætlana hefur gengið vel undanfarin ár og eru áætlanirnar orðnar mikilvægur þáttur í stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda í húsnæðismálum.

Litlar breytingar hafa verið gerðar á áætlanakerfinu frá síðustu útgáfu. Helsta nýjungin er nýr flipi sem hefur verið bætt við kerfið og inniheldur nokkrar spurningar sem sveitarfélög þurfa að svara við gerð húsnæðisáætlunarinnar.

Líkt og undanfarin ár þurfa sveitarstjórnir að hafa staðfest endurskoðaða húsnæðisáætlun sína **eigi síðar en 20. janúar 2027.**

HMS er sem fyrr reiðubúið að aðstoða við áætlanagerðina og bjóðum við gjarnan upp á fjarfundi með vinnsluaðilum. Á fundunum getum við farið yfir helstu virkni áætlanakerfisins, kynnt nýjungar og skoðað hvernig raunþróun á húsnæðismarkaði hefur verið í samanburði við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins frá síðasta ári.

Endilega hafið samband og sendið okkur tillögur að fundartíma ef þið óskið eftir slíkum fundi.

Bestu kveðjur,
Teymi greininga og áætlana

aaetlun@hms.is

Kveðja / Best regards

Jón Örn Gunnarsson
Sérfræðingur
Greiningar og áætlanir

Húsnæði Mannvirki Skipulag

Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400